

Flutt inn

Húsnæði tekið í notkun

Nýir leigutakar verða að skrifa niður athugasemdir og ábendingar um galla og/eða tjón. Hafi leigutaki eitthvað við íbúð/herbergi að athuga þarf hann að gera athugasemd þar að lútandi **eigi síðar en sólarhring eftir afhendingu íbúðar**. Athugasemdir við flutning í íbúð skal senda á alfheidursverris@lbhi.is sem kemur þeim áleiðis til húsvörðar sem mun bregðast við vandamálinu við fyrsta tækifæri. Sýnið biðlund – mikið álag getur skapast þegar margir nýir leigjendur flytja inn á sama tíma.

Ábyrgðartrygging

Þeir sem eru að flytja inn í húsnæði Nemendagarðanna þurfa að fylla út blað við undirritun samnings þar sem fram kemur að leigjandi skuldbindi sig að greiða tryggingu, allt að 150.000, ef skemmdir verða á húsnæði á leigutímanum eða við brottflutning.

Flutt út

Þegar húsnæði er skilað: Farið nákvæmlega yfir listann hér að neðan. Skriðið niður athugasemdir og ábendingar um galla og/eða tjón og látið húsvörð vita við úttektina.

Mat á viðgerðarkostnaði og/eða kostnaði við þrif gerir húsvörður en hægt er að fá óháð álit sé þess óskað. Skili leigutaki íbúð illa þrifinni verður hún þrifin á kostnað viðkomandi.

Góð ráð við skil á húsnæði:

- Hreinsa má loftræstistúta með eyrnapiinum
- Dragið fram bæði eldavél og ísskáp ef það er hægt og ræstið á bakvið/undir
- Muna að kíkja á bak við ofnana eftir týnda sokknum!
- Notið stálull við þrif á stálvöskum
- Munið að þrifa glerið í sturtuklefum

Gátlisti við flutning úr íbúðum Nemendagarða á Hvanneyri

1. Almenn (á við öll rými frá nr. 2 – 6)

- Íbúðin á að vera hrein í hólfi og gólf.
- Þrifa allt rúðugler að innan.
- Þrifa alla slökkvara og innstungur
- Síma- og sjónvarpstenglar eiga að vera í lagi.
- Þrifa lofttúður.
- Hurðir og innréttingar eiga að vera í lagi.
- Þvo allar innihurðir, gerefti og karma.
- Þvo alla ofna og ofnakrana.
- Þvo öll gólf vel og vandlega.
- Þvo vegg.
- Þrifa svalahurð og ath. hvort hurðapumpa sé í lagi.

2. Anddyri.

- Þvo fataskáp / fatahengi að utan og innan, ekki gleyma ofan á skáp.
- Þvo útihurð/gangahurð, karma, gerefti að utan og innan og þrifa þröskuld.
- Sópa inngang að íbúðum.

3. Eldhús.

- Þvo innréttingar að innan og utan, undir og ofan á með fituleysanlegu efni, ath. salmíak getur skemmt spónlagðar innréttingar.
- Þrifa víftu að utan og innan.
- Þrifa hellur (keramik helluborð) með efnum. Hellur og krómhringi, þrifa vel með viðeigandi efnum.
- Þrifa sót og fitu úr ofni og ofnskúffu. Ath. ljósaperu í ofni.
- Þrifa eldavél að framan, gler í hurð utan, innan og milli og rofa.
- Taka fram eldavél og þrifa á bakvið og hliðar á henni og skápum.
- Þrifa ísskáp og örbylgjuofn að utan og innan taka fram og þrifa á bakvið.

4. Baðherbergi.

- Þvo allan kísil, skafa húðfitu og sápuþeifar af hreinlætistækjum og flísum
- Þrifa kísil og fitu af baði/sturtuklefa og handlaug.
- Þvo salerni að innan og utan (ath klósettfót sérstaklega, gleymist oft) svo og spegil á baði.

5. Herbergi.

- Þrifa fataskápa að innan, utan og ofaná. Ath. að hillur og grindur séu í lagi.
- Þrifa gardínukappa og gluggakistur.

6. Geymsla.

- Þrifa veggi, hillur og gólf. Ath. allar geymslur eiga að vera tómar.

7. Úttekt og skil á íbúð

Það er á ábyrgð leigjandans að vera tímanlega í sambandi við Pétur húsvörð og finna tíma til úttektar á dagvinnutíma. Leigjandi skal vera viðstaddur úttekt. **Ekki er leyfilegt að skila íbúð/lykli fyrr en að Pétur húsvörður hefur tekið út húsnæðið og fyllt út úttektarstaðfestingu.**

Lykli skal skilað í síðasta lagi daginn eftir að leigutímabili lýkur til Péturs húsvörðar, Álfheiðar Sverris á kennsluskrifstofu eða í móttöku skólans (hafið úttektarstaðfestingu meðferðis). **Sé lykli ekki skilað á réttum tíma verður leiga áfram innheimt.**